

Foreldrafélag Grunnskóla Seltjarnarness

Fimmti fundur skólaársins 2012-2013

Dagsetning: 7. janúar 2013

Fundartími: 17:30-18:30

Fundarmenn:

Arndís Vilhjálmsdóttir, Björgúlfur Ólafsson, Edda Björk Andradóttir, Halldóra Pálsdóttir, Magnús Örn Guðmarsson og Þórarinn Sv. Arnarson

Fundarritarar: ÞSA og AV

Fundargerð:

EBA lagði fram dagskrá fundarins sem hafði áður verið send fundarmönnum.

1. Fundargerð síðasta fundar var samþykkt.
2. Innheimta greiðsluseðla: BÓ vinnur að því að taka saman heimturnar. Verður fjallað um niðurstöðuna á næsta fundi.
3. Öskudagur í ár er 13. febrúar. Nóg að skipuleggja hann á næsta fundi. Í millitíðinni mun EBA hafa samband við skólastjórnendur til að spyrjast fyrir um dagskrá fyrir öskudag og hvers sé óskað af foreldrafélaginu.
4. Fréttabréf vorannar. Rætt um að gefa það út um tveimur vikum fyrir aðalfund foreldrafélagsins sem verður haldinn í apríl. Stefnt er að því að dreifa fréttabréfinu í öll hús á Seltjarnarnesi, en þá þarf að safna styrktarlínum upp í prentunarkostnað. Ef fréttabréfið verður prentað út þá yrði miðað við fjórar A4 blaðsíður (eina A3 örk). Ef á dreifingu fréttabréfsins þyrfti að hefja söfnun styrktarlína sem fyrst. Einn möguleiki væri að 7. bekkur tæki að sér að safna styrktarlínum og þá rynni ágóði af styrktarlínum umfram prentunarkostnað í Reykjarferðarsjóð árgangsins. Efni fréttabréfsins var aðeins rætt og kom fram tillaga um að fá t.d. barnasálfræðing til að semja pistil um einelti og kynjamisrétti fyrir það og jafnframt að sá aðili yrði fenginn til að halda stutt erindi á ársfundi foreldrafélagsins. AV og HP taka að sér að hafa samband við mögulega pistilhöfundu og kanna vilja þeirra.
5. Opið hús/fyrirlestur febrúar – Lífsspor. Enn stefnt að því að fá Vilborgu Suðurpólsfara til að halda erindi fyrir foreldrafélagið á Opna húsinu. Kannað verður hvort og hvenær hún getur haldið erindið þegar nær dregur. Stefnt er að Opna húsið verði haldið um miðjan febrúar.
6. Önnur mál: engin önnur mál rædd.

Næsti stjórnarfundur verður haldinn **mánudaginn 4. febrúar kl. 17:30-19:00.**